

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 133/1299*  
*komudagur 26.2.2007*

G:\JONOGM\hlutafelog.millilandasamruni.LMFI.doc  
JÖP 26.2.2007

**Athugasemdir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins vegna umsögnar laganefndar  
Lögmannafélags Íslands, dags. 20.2. 2007, um lagafrumvarp um hlutafélög o.fl.  
(millilandasamruni og millilandaskipting):**

1. Laganefndin telur æskilegt að tekið sé berum orðum fram í texta frumvarpsins að millilandasamruni hlutafélaga o.s.frv. sé **heimilaður**. Bent skal á að íslenska hlutafélagalöggjöfin er byggð á danski löggjöf. Í danska frumvarpinu var slík heimild ekki skráð berum orðum. Í lögunum um hlutafélög, samrunakaflanum, segir heldur ekki berum orðum að samruni (innanlandssamruni) sé heimilaður. Í upphafi laganna segir jafnvel ekki að heimilt sé að stofna hlutafélög. Það væri því ósamræmi í lögunum ef tekið væri fram um millilandasamruna einan berum orðum að hann væri heimilaður. Þá má deila um hversu heppilegt það væri með hliðsjón af Sevic-dómnum, þ.e. ætti að líta svo á að millilandasamruni væri fyrst heimilaður með afgreiðslu laganna nú eða nægir dómurinn sem fól í sér að leyfa þyrfti millilandasamruna ef innanlandssamruni væri leyfður? Ráðuneytið er því ekki hlynnt breytingum á frumvarpinu að þessu leyti.
2. Í frumvarpinu er tekið fram að skilyrði fyrir millilandaskiptingar sé að löggjöfin, sem hin skiptingarfélögin líta, leyfi skiptinguna. Laganefndin telur æskilegra að sams konar ákvæði séu líka um millilandasamrunann. Hann þurfi að vera leyfilegur samkvæmt löggjöf viðkomandi ríkja. Ráðuneytið telur slíkt ekki nauðsynlegt og heldur ekki æskilegt. Þetta séu sjálfsgöðir hlutir. Fremur mætti fella niður ákvæði á tveimur stöðum um að löggjöf viðkomandi ríkja þurfi að leyfa millilandaskiptinguna (3. mgr. 133. gr. g og 3. mgr. 107. gr. h) heldur en að bæta við sem nýrri málsgrein ákvæði um leyfi í erlendri löggjöf fyrir millilandasamruna (133. gr. a og 107. gr. b). Tekið er fram hjá laganefndinni að ekki sé augljóst um ástæður þess að um mismunandi framsetningu sé að ræða. Ástæðan er eflaust sú að gert er ráð fyrir að öll EES-ríki séu með ákvæði um samruna eins og í þeim fernum lögum hér á landi sem gert er ráð fyrir að breyta samkvæmt frumvarpinu en hins vegar eru ekki öll lönd með ákvæði um skiptingu, sbr. hér á landi aðeins hlutafélagalög.
3. Í þriðja lagi segir laganefndin að nauðsynlegt sé að orða í lagatexta að hið erlenda félag skuli **samsvara** íslenska félaginu en þetta er aðeins tekið fram í athugasemdum nú. Ráðuneytið telur þessa breytingu ekki nauðsynlega. Í því sambandi skal bent á að í íslensku lögunum, sem hér um ræðir, eru ákvæði um að samruninn skuli taka til samsvarandi félaga. Hlutafélagalögin gera ráð fyrir samruna hlutafélaga og jafnvel einkahlutafélaga, einkahlutafélagalögin gera ráð fyrir samruna einkahlutafélaga og jafnvel hlutafélaga, samvinnufélagalögin gera ráð fyrir samruna samvinnufélaga og sjálfseignarstofnanalögin gera ráð fyrir samruna sjálfseignarstofnana. Ákvæðin um millilandasamruna o.s.frv. hljóta að taka mið af innlendu löggjölinni, þ.e. millilandasamruninu o.s.frv. gengur ekki lengra en leyft er samkvæmt innlendri löggjöf. Að taka inn ákvæði þau sem lagt er til getur auk þess valdið vissum vandkvæðum í tengslum við samvinnufélög og jafnvel sjálfseignarstofnanir en samvinnufélagögin og stofnanirnar geta með vissum hætti tengst hlutafélögum og einkahlutafélögum svo sem fram kemur í frumvarpinu.